

**120. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
8. júlí 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1905216 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Þjóðbraut 1

Grenndarkynningu lauk 3. júlí sl. athugasemdir bárust frá Búmönnum hsf. og búseturéttihöfum að Þjóðbraut 1.

Ragnar Sæmundsson vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.

Athugasemdir við grenndarkynningu lagðar fram. Sviðsstjóra falið að koma með tillögu að svari við þeim athugasemdum sem borist hafa.

2. 1906119 - Dalbraut 1 - samkomulag um bílastæði

Samkomulag lagt fram til kynningar.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi samkomulag um bílastæði við Dalbraut 1, sem nýtast munu Dalbrautarreit þ.m.t. þjónustumiðstöð. Lagt er til við bæjarráð að samþykkja fyrirbyggjandi samkomulag.

3. 1907028 - Fimleikahús - búnaður

Opnuð voru tilboð í búnað í fimleikahús sem verið er að byggja á Akranesi.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Altis nr.1 kr.120.923.724

Altis nr.2 kr.116.336.814

Altis nr.3 kr.111.444.474

Fimleikar.is kr.114.918.790

Kostnaðaráætlun VSÓ kr. 70.000.000

Skipulags- og umhverfisráð hafnar öllum tilboðum á grunni kostnaðaráætlunar. Horft verði til þess að bjóða út búnað í fimleikahúsi að nýju.

4. 1808052 - Skólabraut 31 - umsókn um byggingarleyfi


Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2. mgr. 42. gr. Grenndarkynna skal fyrir Skólabraut 27, 29, 33 og Heiðargerði 3.

5. 1907049 - Skipulagsmál Skógarhverfi

Árni Ólafsson arkitekt, fór yfir breytingar á aðal- og deiliskipulagi Skógarhverfis.

RS

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:10.



Guðar Jón. Jónsson

Ragnar Ólafsson

Stefur Stefánsson

Staðis Sérvarðarlit.

S. P. H.